

Fimmtudaginn 11. júlí 1963.

Nr. 3/1963 **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Miðness h. f. (Páll S. Pálsson hrl.).

Varadóvari Guðmundur Vignir
Jósefsson í stað Einars B. Guð-
mundssonar.

Skorið úr því eftir hvaða kjarasamningi skyldi miða reikningsskil við vélstjóra og stýrimenn á síldveiðum.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. maí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna h.f. Miðness í Sandgerði.

Í stefnu gerði stefnandi þessar dómkröfur:

I. að stefnda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna h.f. Miðness, yrði dæmt skylt, að viðlögðum kr. 1000.00 dagsektum, að afhenda eftirtöldum starfsmönnum, sem eru félagsmenn stefnanda, reikningsskil í samræmi við 21. gr. kjarasamnings milli aðilja, dags. 14. febr. 1961:

- a) Ármanni Guðjónssyni, stýrimanni á m/b Arnfirðingi II, á tímabilinu frá 3. maí til 31. desember 1962.
- b) Kjartani Björnssyni, vélstjóra á m/b Arnfirðingi II, á tímabilinu frá 1. júní til 31. des. 1962.
- c) Braga Sigurðssyni, vélstjóra á m/b Jóni Gunnlaugs GK. 444, á tímabilinu frá 12. júní til 31. des. 1962.
- d) Páli Gunnarssyni, stýrimanni á m/b Jóni Gunnlaugs GK. 444, á tímabilinu frá 21. júní til 10. okt. 1962.

II. að dæmt yrði, að reikningsskil við framangreinda stýrimenn og vélstjóra á m/b Arnfirðingi II og Jóni Gunnlaugs GK. 444, en nefndir bátar voru gerðir út á hringnót sumar, haust og vetur 1962, skuli fara eftir ákvæðum

kjarasamnings málsaðilja frá 14. febr. 1961 og byggjast á skiptagrundvelli kjarasamnings milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasamtakanna innan A. S. Í. frá 13. júní 1958 með breytingum frá 15. maí 1959.

III. að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Með greinargerð sinni í máli þessu lagði stefndi fram reikningsskil fyrir framangreinda stýrimenn og vélstjóra í því formi, sem 21. gr. áðurnefnds kjarasamnings mælir fyrir um, og fullnægði þar með þeim kröfum stefnanda, sem um ræðir í kröfuflið I. Hefur stefnandi af því efni fallið frá kröfum sínum í þessum kröfuflið. Í annan stað er það komið fram, að þeir Bragi Sigurðsson vélstjóri og Páll Gunnarsson stýrimaður, skipverjar á m/b Jóni Gunnlaugs GK. 444, hafa báðir höfðað mál fyrir sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og krafizt þess þar, að aflahlutur þeirra á sumarsildveiðum 1962 skuli miðast við kjarasamning sjómanna, dags. 13. júní 1958 með breytingum 15. maí 1959. Hefur stefnandi því einnig fallið frá kröfuflið II að því er þessa tvo menn varðar. Er þá einungis það atriði II. kröfufliðs stefnanda til úrlausnar í þessu máli, á hvaða skiptagrundvelli reikningsskil stefnda við Ármann Guðjónsson og Kjartan Björnsson skuli byggjast.

Málavextir eru annars þeir, að samkvæmt skipshafnarskrá staðfestri af lögskráningarstjóranum í Miðneshreppi í Gullbringusýslu voru þeir Ármann Guðjónsson stýrimaður og Kjartan Björnsson vélstjóri, báðir búsettir í Sandgerði í Miðneshreppi, lögskráðir hinn 24. júní 1962 á m/b Sæunni GK. 343 (þá Arnfirðingur II RE 7) til sildveiða með hringnót, og skyldi kaup þeirra samkvæmt skipshafnarskrá vera „skv. væntanlegum samningi“. Afskráðir voru þeir því næst af nefndu skipi 12. sept. s. á. Hinn 26. nóv. 1962 eru þeir aftur skráðir á sama skip til „sildveiða með hringnót“, en umsamið kaup er samkvæmt skipshafnarskrá talið vera „Samkvæmt samningum milli

L. Í. Ú. og samninganefndar sjómannasamtakanna dags. 20/11 1962 og L. Í. Ú. og F. F. S. Í. Verði síðar samið um hærri skiptaprósentu milli verkal. og sjómannafél. Miðneshr. og útgerðarm. í Sandgerði, skulu þeir samningar gilda“. Af skipi þessu voru þeir Ármann og Kjartan afskráðir hinn 15. janúar 1963. Verður við úrlausn máls þessa að miða við nefnd skráningartímabil, þó svo, að krafa stefnanda í þessu máli nær eigi lengra en til 31. des. 1962.

Samkvæmt kjarasamningi, dags. 14. febrúar 1961, milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, um kaup og kjör yfirmanna á fiskibátaflotanum — sem aðiljar máls þessa eru sam-mála um að gildi þeirra í milli á áðurnefndum skráningartímabilum, skulu laun stýrimanns og vélstjóra vera ákveðið margfeldi af launum háseta. Um hitt deila þeir aftur á móti, hvaða hásetakaup skuli leggja til grundvallar.

Stefnandi heldur því fram og reisir dómkröfur sínar á þeirri staðhæfingu, að leggja beri til grundvallar kjarasamninga þá, sem gerðir voru 13. júní 1958 með breytingum frá 15. maí 1959, en þeir hafi samkvæmt dómi Félagsdóms 18. janúar þ. á. gilt milli stefnda og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps allan þann tíma, er um ræðir í þessu máli, og skipti kjarasamningur, sem gerður hafi verið 20. nóv. 1962 milli L. Í. Ú. vegna nokkurra útvegsmannafélaga annars vegar og ýmissa sjómanna- og verkalýðsfélaga hins vegar, ekki máli í þessu sambandi vegna þess, að Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps hafi eigi gerzt aðili að þessum síðarnefnda samningi. Eigi því skipverjar á Sæunni GK. 343, þar á meðal Ármann stýrimaður og Kjartan vélstjóri, að njóta þess kaups og þeirra kjara, sem áðurnefndur sjómannasamningur frá 1958 og 1959 kveður á um, en við hann hafi eigandi nefnds báts, h.f. Miðnes, verið bundinn samkvæmt áður nefndum dómi Félagsdóms 18. jan. þ. á.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu með þeim rökstuðningi, að h.f. Miðnes hafi ekki verið aðili að samningi

þeim um kaup og kjör sem L. Í. Ú. gerði við sjómanna-samtökin 1958 og endurnýjaður var 1959. Hann (stefndi) hafi að vísu „skráð á sildveiðar undanfarin ár „samkv. samningum“ og hefur þá verið“ segir hann „átt við þá samninga, sem gilt hafa almennt á hverjum tíma og L. Í. Ú. hefur gert við A. S. Í. (eða félagasamtök innan A. S. Í.)“ En beinn aðili að þeim samningum hafi hann aldrei verið og eigi til hugar komið, að hann hefði „nokkuð með breyt-ingar eða/og uppsögn á þeim að gera.“ Þó kvaðst hann hafa verið mjög óánægður með samningana um sildveiði-kjörin frá 1958 og 1959, og látið í ljós óánægju við stjórn-endur L. Í. Ú. En hins vegar hafi ekki verið „á öðru val en að skrá samkvæmt þeim samningum eða gera ella ekki út á sildveiðar sumarið 1961“. Af þessum ástæðum telur stefndi, að á sumarsildveiðum 1962 skuli leggja til grund-vallar kaupi stýrimanns og vélstjóra á Sæunni, kjör þau, sem gerðardómur í sildveiðideilunni sumarið 1962 hafi ákveðið hásetum til handa, enda hafi hann (Miðnes h.f.) miðað reikningsskil við Ármann og Kjartan við ákvæði þess úrskurðar.

Að því er varðar lögskráningartímabilið frá 26. okt. 1962 til loka þess árs þá staðhæfir stefndi hins vegar, að samið hafi verið sérstaklega við skipverja alla um það, að kjör þeirra síðastnefnt tímabil skyldu miðast við fram-angreindan kjarasamning frá 20. nóv. 1962, enda hafi verið tekið fram berum orðum við skipverja, að stefndi mundi ekki láta skip sitt Sæunni GK. 343 stunda sild-veiðar, nema á það væri skráð samkvæmt nefndum kjara-samningi, því ella yrði það látið stunda fiskveiðar með línu. Hafi skipverjar valið fyrri kostinn og þess vegna verið farið á sild.

Stefnandi hefur mótmælt því, að þessi fyrirvari hafi verið gerður, enda hafi hann verið þýðingarlaus, þó sann-aður væri.

1. Krafa stefnanda tímabilið 24. júní til 12. sept. 1962.

Í dómi Félagsdóms 18. janúar þ. á. er það rakið ítar-lega, hversu háttáð var kjarasamningum L. Í. Ú. og Sjó-mannasamtakanna innan A. S. Í. árin 1958 og 1959. Er

úr því skorið með nefndum dómi, að stofnast hafi bindandi samningur um kaup og kjör á sildveiðum milli nefndra aðilja með þeim skriflega samningi, sem gerður var nefnd ár og eftirfarandi framkvæmd hans og samþykki í reynd af hálfu útvegsmannafélaga og einstakra félagsmanna innan L. Í. Ú. annarsvegar, en af hálfu verkalyðs- og sjómannafélaganna hins vegar, þar á meðal Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps. Um afstöðu Miðness h.f. er það fram komið í máli þessu, að það félag var á þeim tíma, er hér skiptir máli beinn félagi í L. Í. Ú. Er því eigi mótmælt, að Miðnes h.f. hafi, sem aðrir félagar innan L. Í. Ú., fengið þær tilkynningar um samningsgerðina 1958 og 1959, sem L. Í. Ú. sendi út nefnd ár, svo sem rakið er í framannefndum dómi Félagsdóms frá 18. jan. þ. á. Er og ljóst af framangreindum málflutningi stefnda, að Miðnesi h.f. hefur verið fullkunnugt um efni nefndra samninga og orðið sem félagi í L. Í. Ú. að fylgja ákvæðum þeirra um kaup og kjör við skráningu á skip sín og reikningsskil að lokinni vertíð árin 1958, 1959, 1960 og 1961.

Með dómi Félagsdóms 6. júní 1962 (málið nr. 2/1962) var uppsögn L. Í. Ú. á samningunum frá 1958 og 1959 dæmd ógild, en í áðurnefndum dómi frá 18. jan. þ. á. og dómi í málinu nr. 7/1962 uppkveðnum sama dag felst, að nefndir samningar hafi verið í gildi um kaup og kjör á sildveiðum sumarið 1962 hjá þeim útgerðarfyrtækjum í Sandgerði, sem voru beinir félagar í L. Í. Ú., en Miðnes h.f. var, svo sem áður er greint, einn af þeim, og hafði eigi fyrir sitt leyti sagt framannefndum sildveiðisamningum upp. Var Miðnes h.f. þannig einnig við þá bundið sumar-sildveiðitímabilið 1962. Ber samkvæmt því að miða reikningsskil við Ármann Guðjónsson stýrimann og Kjartan Björnsson vélstjóra fyrir tímabilið frá 24. júní til 12 sept. 1962 við þau kjör háseta, sem um er samið í oftnefndum kjarasamningum frá 1958 og 1959, í þeim hlutföllum, sem ákveðin eru í kjarasamningum stefnanda og Landssambands íslenskra útvegsmanna, dags. 14. febr. 1961.

2. Krafa stefnanda tímabilið 26. nóvember til 31. des. 1962.

Svo sem áður er að vikið, var hinn 20. nóvember f. á. undirritaður samningur um kaup og kjör á sildveiðum. Stóðu að þeirri samningsgerð annars vegar Landsamband íslenskra útvegsmanna vegna nokkurra nafngreindra útvegsmannafélaga, en hins vegar nokkur nafngreind verkalyðs- og sjómannafélög. Skyldi samningur þessi gilda fyrir öll þau skip samningsaðilja, sem gerð eru út til sildveiða með herpinót, hringnót og reknetum. Þessi samningur kom, að því er samningsaðilja snerti, í stað hásetasamninganna frá 1958 og 1959. Eigi verður séð, að útgerðarfyrirtæki eða einstakir útvegsmenn, sem eru beinir félagar í L. Í. Ú. hafi gerzt aðiljar að samningnum og þá ekki heldur Miðnes h.f. Er og eigi fram komið í málinu, að Miðnes h.f. hafi þá verið eða síðar orðið félagi í einhverju þeirra útvegsmannafélaga, sem að nefndri samningsgerð stóðu. Þá verður ekki heldur séð, að Miðnes h.f. hafi með öðrum hætti orðið aðili að þessum samningi.

Í 1 hér að framan er því lýst, að Miðnes h.f. hafi enn sumarið 1962 verið bundið við sildveiðisamningana frá 1958 og 1959 og verður eigi séð af gögnum máls þessa, að félagið hafi losnað við samningsskyldur samkvæmt þeim fyrr en 1. júní s.l., en með samningi dags. 23. maí þ. á., var um það samið milli einstakra útgerðarfyrirtækja í Sandgerði og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, að samningurinn frá 20. nóvember 1962 um kaup og kjör á sildveiðum, skyldi frá 1. júní 1963 gilda á bátum, sem útgerðarmenn þeir, sem hlut eiga að máli, gera út á sildveiðar.

Nú er því, svo sem þegar hefur verið rakið, haldið fram af hálfu Miðness h.f., að sildveiðar þær, sem stundaðar voru af Sæunni (ex Arnfirðingur II) GK. 343 á tímabilinu frá 26. nóvember til 31. des. 1962 hafi einungis átt sér stað vegna þess, að skipverjar allir hafi, eins og lögskráningin beri með sé, samþykkt að hlíta þeim kjörum, sem sildveiðisamningurinn frá 20. nóvember 1962 mælti fyrir um, því ella hefði skipið ekki verið gert út á sildveiðar.

Stefnandi hefur mótmælt því, að gert hafi verið samkomulag þess efnis. Hann hafi a. m. k. aldrei gefið sam-

þykki sitt til slíkra samninga og vísar hann í því efni til bréfs, sem hann skrifaði Miðnesi h.f. hinn 20. marz s.l., en í því krefur hann félagið um skil fyrir félagsmenn sína samkvæmt samningunum frá 1959.

Eigi hafa af hálfu þeirra sjómanna, sem hér eiga hlut að máli komið fram skýrslur um þetta. En þar sem ekki er sannað, að stefnandi hafi samþykkt lögskráningarskilmála þá, sem tilgreindir eru við skráningu á Sæunni GK. 343 hinn 26. nóv. f. á., skiptir það að áliti dómsins ekki máli, hvort þeir Ármann Guðjónsson og Kjartan Björnsson hafa við lögskráningu samþykkt þá skilmála, sem stefndi, Miðnes h.f., heldur fram, sökum þess, að Miðnes h.f. var samkvæmt framansögðu bundið við kjarasamningana frá 1958 og 1959. Þeir samningar voru hásetum hagkvæmari en samningurinn frá 20. nóv. 1962. Samningur við nefnda félagsmenn stefnanda um lakari kjör var þannig án samþykkis hans ógildur samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 og getur stefndi eigi byggt sýknu í máli þessu á honum.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina dómkröfu stefnanda í kröfulið II, að því er varðar Ármann Guðjónsson og Kjartan Björnsson.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Miðnesi h.f., er skylt að miða reikningskil við Ármann Guðjónsson stýrimann og Kjartan Björnsson vélstjóra vegna síldveiða m/b Sæunnar (ex Arnfirðingur II) GK. 343 tímabilin 24. júní til 12 september, og 26. nóvember til 31. desember 1962, við margfeldi samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 14. febrúar 1961, er byggt sé á skiptagrundvelli kjarasamninga frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómanna-samtakanna innan Alpýðusambands Íslands.

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Miðness h.f., greiði stefnanda, Farmanna- og

fiskimannasambandi Íslands, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágúst 1963.

Nr. 5/1963.

Stéttarfélag verkfræðinga

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Samgöngumálaráðherra f. h. Vegagerðar

ríkisins. (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómari sérstaklega nefndur í stað Gunnlaugs E. Briem, Þórður Björnsson sakadómari.

Sýknað af kæru um brot á 18. gr. laga nr. 80/1938.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 29. júlí þ. á., af Stéttarfélagi verkfræðinga gegn Samgöngumálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og eru dómkröfur stefnanda þær:

1. að dæmt verði, að með ráðningu verkfræðinganna Snæbjarnar Jónassonar, Helga Hallgrímssonar, Sigfúsar Arnar Sigfússonar og Jóns Birgis Jónssonar til Vegagerðar ríkisins hafi stefndi gerzt brotlegur við 18. gr. laga nr. 80/1938, og að ráðning verkfræðinganna hafi af þeim sökum verið ólögmat eins og á stóð.

2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt í ríkissjóð samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938.

3. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.